

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1264****2023/EES/30/37****frá 20. júlí 2022****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúdíoxóníl í eða á tilteknum afurðum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flúdíoxóníl.
- 2) Samkvæmt 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 369/2005 var lögð fram umsókn um innflutningsvikmörk að því er varðar flúdíoxóníl til notkunar á sykurrófurætur í Bandaríkjunum og á banana í Gvatemala, Hondúras og Kólumbíu.. Umsækjandinn heldur því fram að viðurkennd notkun efnisins á slíkar nytjaplöntur í þeim löndum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.
- 3) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa <sup>(2)</sup>. Hún sendi álitid til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 192, 21.7.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> „Reasoned opinion on the setting of import tolerances for fludioxonil in sugar beet roots and bananas.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(11), 6919. Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: <http://www.efsa.europa.eu>.

- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrðu gerðar á hámarksgildum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Að því er varðar ævilöng váhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, hefur verið sýnt fram á að engin áhætta er á því að farið verði yfir ásættanlega daglega inntöku. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á að fastsetja viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar vegna þess að bráð eituhrif virka efnisins eru lítil.
- 6) Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Í stað dálksins fyrir flúdíoxónílf í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

## „Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	Flúdíoxónílf (R) (F)
0100000	<b>NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR</b>	
0110000	<b>Sítrusávextir</b>	10
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	<b>Trjáhnetur</b>	
0120010	Möndlur	0,01 (*)
0120020	Parahnetur	0,01 (*)
0120030	Kasúhnetur	0,01 (*)
0120040	Kastaníuhnetur	0,01 (*)
0120050	Kókoshnetur	0,01 (*)
0120060	Heslihnetur	0,01 (*)
0120070	Goðahnetur	0,01 (*)
0120080	Pekanhnetur	0,01 (*)
0120090	Furuhnetukjarnar	0,01 (*)
0120100	Pistasíuhnetur	0,2
0120110	Valhnetur	0,01 (*)
0120990	Annað (2)	0,01 (*)
0130000	<b>Kjarnaávextir</b>	5
0130010	Epli	
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámisþilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað (2)	
0140000	<b>Steinaldin</b>	

0140010	Apríkósur	5
0140020	Kirsuber (sæt)	5
0140030	Ferskjur	10
0140040	Plómur	5
0140990	Annað (2)	0,01 (*)
0150000	<b>Ber og smá aldin</b>	
0151000	a) <b>Þrúgur</b>	
0151010	Vínber til neyslu	5
0151020	Vínþrúgur	4
0152000	b) <b>Jarðarber</b>	4
0153000	c) <b>Klungurber</b>	5
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) <b>Önnur smá aldin og ber</b>	
0154010	Aðalbláber	4
0154020	Trönuber	4
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber	4
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)	4
0154050	Rósaldin	0,01 (*)
0154060	Mórber (svört og hvít)	0,01 (*)
0154070	Eplapýmiber/Miðjarðarhafstrjámissaldin	0,01 (*)
0154080	Ylliber	4
0154990	Annað (2)	0,01 (*)
0160000	<b>Ýmis aldin með</b>	
0161000	a) <b>Ætu hýði</b>	0,01 (*)
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur	
0161990	Annað (2)	
0162000	b) <b>Óætu hýði, lítill</b>	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	15
0162020	Litkaber	0,01 (*)

0162030	Píslaraldin	0,01 (*)
0162040	Kaktusfíkjur	0,01 (*)
0162050	Stjörnuepli	0,01 (*)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	0,01 (*)
0162990	Annað (2)	0,01 (*)
0163000	<b>c) Óætu hýði, stór</b>	
0163010	Lárperur	1,5
0163020	Banarar	2
0163030	Mangó	2
0163040	Papæjaldin	0,01 (*)
0163050	Granatepli	3
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)
0163070	Gvödur	0,5
0163080	Ananas	7
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)
0163100	Dáraldin	0,01 (*)
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)
0163990	Annað (2)	0,01 (*)
0200000	<b>NÝTT eða FRYST GRÆNMETI</b>	
0210000	<b>Rótar- og hnýðisgrænmeti</b>	
0211000	<b>a) Kartöflur</b>	5
0212000	<b>b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti</b>	
0212010	Kassavarætur	0,01 (*)
0212020	Sætar kartöflur	10
0212030	Mjölrótarhnýði	10
0212040	Örvarætur	0,01 (*)
0212990	Annað (2)	0,01 (*)
0213000	<b>c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykkurófum undanskildum</b>	
0213010	Rauðrófur	1
0213020	Gulrætur	1
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	0,2
0213040	Piparrót	1
0213050	Ætihnúðar	0,01 (*)
0213060	Nípur	1
0213070	Steinseljurætur	1
0213080	Hreðkur	0,3
0213090	Hafursrætur	1

0213100	Gulrófur	0,01 (*)
0213110	Næpur	0,01 (*)
0213990	Annað (2)	0,01 (*)
0220000	<b>Laukar</b>	
0220010	Hvítlaukur	0,5
0220020	Laukar	0,5
0220030	Skalottlaukar	0,5
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	5
0220990	Annað (2)	0,5
0230000	<b>Aldingrænmeti</b>	
0231000	<b>a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt</b>	
0231010	Tómatar	3
0231020	Paprikur	1
0231030	Eggaldin	0,4
0231040	Okrur	0,01 (*)
0231990	Annað (2)	0,01 (*)
0232000	<b>b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</b>	0,4
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	
0232030	Dvergbitar	
0232990	Annað (2)	
0233000	<b>c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</b>	0,3
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	<b>d) Sykurmaís</b>	0,01 (*)
0239000	<b>e) Annað aldingrænmeti</b>	0,01 (*)
0240000	<b>Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)</b>	
0241000	<b>a) Blómstrandir kál</b>	
0241010	Spergilkál	0,7
0241020	Blómkál	0,01 (*)
0241990	Annað (2)	0,01 (*)
0242000	<b>b) Kálhöfuð</b>	
0242010	Rósakál	0,01 (*)
0242020	Höfuðkál	2
0242990	Annað (2)	0,01 (*)

0243000	c) <b>Blaðkál</b>	
0243010	Kínakál	10
0243020	Grænkál	0,01 (*)
0243990	Annað (2)	0,01 (*)
0244000	d) <b>Hnúðkál</b>	0,01 (*)
0250000	<b>Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm</b>	
0251000	a) <b>Salat og salatplöntur</b>	
0251010	Vorsalat/strábrúða	20
0251020	Salat	40
0251030	Breiðblaða salatfflar	20
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	20
0251050	Vetrarkarsi	20
0251060	Klettsalat	20
0251070	Sinnepskál	20
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i> )	20
0251990	Annað (2)	20
0252000	b) <b>Spínat og áþekk blöð</b>	
0252010	Spínat	30
0252020	Súpugull	20
0252030	Blaðbeðjur	20
0252990	Annað (2)	20
0253000	c) <b>Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</b>	0,01 (*)
0254000	d) <b>Brunnperla</b>	10
0255000	e) <b>Jólasalat/salatfflar</b>	0,02
0256000	f) <b>Kryddjurtir og æt blóm</b>	20
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af sellerí	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	<b>Belgávextir</b>	

0260010	Baunir (með fræbelg)	1
0260020	Baunir (án fræbelgs)	0,4
0260030	Ertur (með fræbelg)	1
0260040	Ertur (án fræbelgs)	0,3
0260050	Linsubaunir	0,05
0260990	Annað (2)	0,01 (*)
0270000	<b>Stöngulgrænmeti</b>	
0270010	Sperglar	0,01 (*)
0270020	Salatþistlar	0,01 (*)
0270030	Sellerí	1,5
0270040	Hnúðfenníkur	1,5
0270050	Ætiþistlar	0,01 (*)
0270060	Blaðlaukar	0,01 (*)
0270070	Rabarbarar	0,7
0270080	Bambussprotar	0,01 (*)
0270090	Pálmakjarnar	0,01 (*)
0270990	Annað (2)	0,01 (*)
0280000	<b>Sveppir, mosar og fléttur</b>	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og fléttur	
0290000	<b>Þörungar og dreifkjörnungslifverur</b>	0,01 (*)
0300000	<b>BELGÁVEXTIR</b>	
0300010	Baunir	0,5
0300020	Linsubaunir	0,4
0300030	Ertur	0,4
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	0,4
0300990	Annað (2)	0,4
0400000	<b>OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN</b>	
0401000	<b>Olíufræ</b>	
0401010	Höfræ	0,3
0401020	Jarðhnetur	0,01 (*)
0401030	Valmúiafræ	0,01 (*)
0401040	Sesamfræ	0,3
0401050	Sólblómafræ	0,01 (*)
0401060	Repjufæ	0,3

0401070	Sojabaunir	0,2
0401080	Mustarðsfræ	0,3
0401090	Baðmullarfræ	0,01 (*)
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)
0401110	Litunarþistilsfræ	0,01 (*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,3
0401130	Akurdoðrufrae	0,3
0401140	Hampfræ	0,3
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)
0401990	Annað (2)	0,01 (*)
0402000	<b>Olíurík aldin</b>	0,01 (*)
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	<b>KORNVÖRUR</b>	0,01 (*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrra	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað (2)	
0600000	<b>TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ</b>	
0610000	<b>Te</b>	0,05 (*)
0620000	<b>Kaffibaunir</b>	0,05 (*)
0630000	<b>Jurtate úr</b>	
0631000	a) <b>Blómum</b>	0,05 (*)
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	

0631990	Annað (2)	
0632000	<b>b) Blöðum og kryddjurtum</b>	0,05 (*)
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	<b>c) Rótum</b>	
0633010	Garðabrúða	1
0633020	Ginseng	4
0633990	Annað (2)	1
0639000	<b>d) Öðrum plöntuhlutum</b>	0,05 (*)
0640000	<b>Kakóbaunir</b>	0,05 (*)
0650000	<b>Jóhannesarbrauð</b>	0,05 (*)
0700000	<b>HUMLAR</b>	0,05 (*)
0800000	<b>KRYDD</b>	
0810000	<b>Krydd úr fræjum</b>	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	
0820000	<b>Aldinkrydd</b>	0,05 (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	
0830000	<b>Barkarkrydd</b>	0,05 (*)

0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	<b>Krydd úr rótum og jarðstönglum</b>	
0840010	Lakkrís	1
0840020	Engifer (10)	
0840030	Túrmerik/gullinrót	1
0840040	Piparrót (11)	
0840990	Annað (2)	1
0850000	<b>Blómhnappakrydd</b>	0,05 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	<b>Frævakrydd</b>	0,05 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	<b>Frækápukrydd</b>	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	<b>SYKURPLÖNTUR</b>	
0900010	Sykkurrófurætur	<b>4</b>
0900020	Sykkurreyr	0,01 (*)
0900030	Kaffifíflsrætur	0,01 (*)
0900990	Annað (2)	0,01 (*)
1000000	<b>AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR</b>	
1010000	<b>Vörur úr</b>	
1011000	<b>a) Svínur</b>	
1011010	Vöðvi	0,02
1011020	Fita	0,02
1011030	Lifur	0,1
1011040	Nýru	0,1
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1011990	Annað (2)	0,02
1012000	<b>b) Nautgripur</b>	
1012010	Vöðvi	0,02
1012020	Fita	0,02
1012030	Lifur	0,1
1012040	Nýru	0,1

1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1012990	Annað (2)	0,02
1013000	<b>c) Sauðfé</b>	
1013010	Vöðvi	0,02
1013020	Fita	0,02
1013030	Lifur	0,1
1013040	Nýru	0,1
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1013990	Annað (2)	0,02
1014000	<b>d) Geitum</b>	
1014010	Vöðvi	0,02
1014020	Fita	0,02
1014030	Lifur	0,1
1014040	Nýru	0,1
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1014990	Annað (2)	0,02
1015000	<b>e) Hestum</b>	
1015010	Vöðvi	0,02
1015020	Fita	0,02
1015030	Lifur	0,1
1015040	Nýru	0,1
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1015990	Annað (2)	0,02
1016000	<b>f) Alifuglum</b>	
1016010	Vöðvi	0,01 (*)
1016020	Fita	0,01 (*)
1016030	Lifur	0,1
1016040	Nýru	0,1
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1016990	Annað (2)	0,01 (*)
1017000	<b>g) Öðrum öldum landdýrum</b>	
1017010	Vöðvi	0,02
1017020	Fita	0,02
1017030	Lifur	0,1
1017040	Nýru	0,1
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,1
1017990	Annað (2)	0,02

1020000	<b>Mjólk</b>	0,04
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað (2)	
1030000	<b>Fuglsegg</b>	0,02
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	
1040000	<b>Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)</b>	0,05 (*)
1050000	<b>Froskdýr og skriðdýr</b>	0,01 (*)
1060000	<b>Landhryggleysingjar</b>	0,01 (*)
1070000	<b>Villt landhryggdýr</b>	0,02
1100000	<b>AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)</b>	
1200000	<b>AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)</b>	
1300000	<b>UNNIN MATVÆLI (9)</b>	

(\*) Neðri greiningarmörk

(<sup>o</sup>) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

#### Flúdíoxóníl (R) (F)

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Flúdíoxóníl — kóði 1000000 nema 1040000: summa flúdíoxóníls og umbrotsefna þess, oxuð í umbrotsefni 2,2-díflúoróbensó[1,3]díoxól-4-karboxýlsýru, gefið upp sem flúdíoxóníl

(F) Fituleysanlegt\*